

Helstu atriði lokaskýrslu verkefnishóps sameiningar HÍ og KHÍ um skipulag og framkvæmd náms á nýju menntavísindasviði HÍ og staða mála í byrjun mars 2008.

Verkefnishópurinn hafði það hlutverk að greina og meta kennaramenntun og þroskaþjálfun í KHÍ annars vegar og HÍ hins vegar og setja fram tillögur um skipulag og framkvæmd námsins í nýjum menntavísindaskóla. Við mótun tillagna sinna var hópurinn beðinn að hafa að leiðarljósi það meginmarkmið sameiningar háskólanna **að efla menntun og rannsóknir á sviði kennaramenntunar á Íslandi**. Verkefnishópurinn hélt á skipunartíma sínum fjölmarga fundi og ráðfærði sig við forsvarsmenn raunvísinda og hugvísinda í báðum skólum, fulltrúa stúdenta og sérfræðinga beggja skólanna á sviðum er tengjast menntavísindum sérstaklega. Hópurinn lagði áherslu á að skipulag kennaramenntunar eigi að byggja á „réttmætum og áreiðanlegum innlendum og erlendum rannsóknum á grunnildum uppeldis- og menntunar og gildi skóla fyrir einstaklinga og samfélag”. Gengið er út frá því að fjölmörg sóknarfæri felist í sameiningu háskólanna og endurskipulagningu sviða og deilda. Tillögurnar hópsins voru í meginatriðum þessar:

I Forræði menntavísindasviðs yfir uppeldis- og menntunarfræðum og allri kennaramenntun

Í tillögum verkefnishópsins var lagt upp með „að á menntavísindasviði verði boðið kennaranám samkvæmt tveimur meginleiðum þ.e. eftir samþætту líkani og raðlíkani. Einnig verði boðið nám í þroskaþjálfun og nám í íþrótt- og heilsufræðum og tólmstundafræði með svipuðu sniði og nú er í Kennaraháskóla Íslands.” Hópurinn gerði jafnframt ráð fyrir að „á menntavísindasviði verði boðið bakkalár-, meistara- og doktorsnám á sviði uppeldis- og menntavísinda.”

Hvorki verkefnisstjórn né rektorar gerðu athugasemd við þá tillögun en bentu þó á að huga þurfi að því að breyta skipulagi núverandi raðnámslíkans sem gerir ráð fyrir 3ja ára grunnnámi í faggrein að viðbættu eins árs (30 eininga) námi til kennsluréttinda. Frumvarp til laga um lengingu kennaranáms sem nú liggur fyrir Alþingi gerir hins vegar ráð fyrir 5 ára námi og þetta þarf að samræma verði það samþykkt óbreytt. Ef M.Paed nám verður lengt í 2 ár og meistaranámið verður 2 ár býður slík breyting upp á aukna möguleika á samþættingu.

II Samræming og samvinna

Í skýrslunni var óskað eftir „að nú þegar verði leitað leiða til að stuðla að samvinnu þeirra kennara sem nú kenna uppeldis- og menntunarfræði og skyldar greinar, t.d. á sviði stjórnunar, þróunar og ráðgjafar í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.” Jafnframt var lagt til „að áfram verði skoðað hvaða námsleiðir hægt er að sameina eða samræma og kynna nemendum rækilega námsleiðir í nýju skipulagi.” Bent var á að þessu verki þyrfti að vera að fullu lokið áður en kennsluskrá 2009-2010 kemur út. Til að veita samvinnu farveg lagði hópurinn fram tillögu um „stofnun samstarfsfagráða um helstu námsgreinar grunn- og framhaldsskóla sem kenndar eru við hinn sameinaða háskóla.” Þó var lögð áhersla á að leyfa samstarfi menntavísindasviðs við faggreinar sem kenndar eru á öðrum sviðum „að þróast og tími gefinn til að móta það í ljósi reynslu fyrstu ára.”

Verkefnisstjórn telur eðlilegt að yfirstjórn KHÍ ásamt formanni núverandi uppeldis- og menntunarfræðaskorari taki við þessu verkefni, sérstaklega í ljósi ákvörðunar um staðsetningu uppeldis og menntunarfræða í nýrri skipan HÍ sem samþykkt var á fundi skorarinnar í janúar sl. Þar er kveðið á um að uppeldis- og menntunarfræði (BA, MA og PhD) sem og tólmstundafræði og kennslufræði flytji á menntavísindasvið að loknu skólaárinu 2008-2009. Ákvörðunin var tekin í kjölfar viljayfirlýsingar uppeldis- og menntunarfræðiskorari HÍ sem lögð var fram um miðjan janúar sl. Jafnframt væri eðlilegt að sömu aðilar taki við tillögu um stofnun samstarfsfagráða og hafi um það samráð við deildarforseta viðkomandi deilda í HÍ. Við verkefninu taki síðan forsetar viðkomandi fræðasviða þegar þeir hafa verið skipaðir. Rektorar samþykktu svar verkefnisstjórnar og bentu á að samstarf menntavísindasviðs við faggreinar sem kenndar eru á öðrum sviðum sé ferli sem þróist mishratt eftir sviðum.

III Hugsanlegar hindranir fyrir faglegri samþættingu

„Lagt er til að í nýju skipulagi Háskóla Íslands verði undirstríkað að menntavísindasviði sé falin meginábyrgð á kennslu og rannsóknnum á sviði menntavísinda, þ.m.t. menntun kennara. Sviðið á að bera þessa ábyrgð, ekki aðeins einstakar deildir þess.” Bent var á hugsanlega hindranir sem gætu verið fyrir samstarfi menntavísindasviðs og annara sviða. Þær væri mögulega hægt að skoða „í samráði við starfshóp um fjármál.”

Verkefnisstjórn ásamt rektorum tók almennt undir þetta sjónarmið og rektor KHÍ mun ræða við deildarforseta HÍ um meginábyrgð menntavísindasviðs á kennslu og rannsóknnum á sviði menntavísinda. Verkefnisstjórn benti á mikilvægi þess að greina hugsanlegar skipulagslegar og fjárhagslegar hindranir og bregðast við þeim eftir því sem ástæða er til. Rektorar sögðu að nú þegar hafi verið gerðar endurbætur á deililíkani HÍ til að greiða fyrir samstarfi milli deilda, en eðlilegt sé að fjármálastjórar haldi áfram að skoða þessi mál ásamt formanni fjármálanefndar HÍ og komi með tillögur að lausnum ef þurfa þykir. Óformlegur hópur skipaður starfsmannastjórum, fjármálastjórum, formanni fjármálanefndar HÍ og fulltrúum vísindasviða beggja skólanna hefur unnið undanfarið að því að kortleggja réttindi og skyldur starfsmanna beggja skóla og undirbúa tillögur um samræmingu þeirra. Rétt þykir að sú vinna haldi áfram og svo er það skólans og samningsaðila að útfæra í stofnanasamningi ýmis álitamál með það að markmiði að samræma réttindi og skyldur starfsmanna.

Enn fremur er lagt til „að starfsreglur sviða heimili að kennarar geti uppfyllt starfsskyldur sínar á fleiri en einu sviði, enda sé um það samkomulag sviðanna og kennara” og „að fundnar verði leiðir til að ryðja úr vegi kjaratengdum hindrunum á samstarfi milli sviða Háskóla Íslands.” Þannig „verði nú þegar sérfróðum aðilum beggja skóla falið að fara yfir og leysa þau vandamál sem kunna að koma í veg fyrir eða hamla samstarfi þvert á svið og faggreinar hins nýja háskóla eða verða til þess að draga úr tækifærum nemenda til að sveigja nám sitt að eigin þörfum og áhuga.” Enn fremur lagði hópurinn til „að leitað verði leiða til tryggja að kennsla og þróunarstarf í tengslum við sí- eða endurmenntun kennara og annarra tengdra starfstétta verði eðlilegur hluti af starfsskyldum kennara menntavísindasviðs. Leitað verði eftir samstarfi við starfsmannasvið Háskóla Íslands eða aðra viðeigandi aðila um útfærslu á því.”

Verkefnisstjórn og rektorar tóku undir með verkefnishópnum og bentu á mikilvægi þess að mótaðar verði verklaagsreglur um þetta af forsetum fræðasviða og starfsmannasviði. Þannig var því beint til fjármálanefndar HÍ og samráðsnefnda beggja skólanna um kjaramál að þær skoði þetta mál með það fyrir augum að eyða hindrunum séu þær fyrir hendi. Verkefnisstjórn tók undir það sjónarmið að kennsla í tengslum við sí- eða endurmenntun verði hluti af starfsskyldum kennara og telur mikilvægt að verðandi forsetar fræðasviða og starfsmannasvið finni leiðir til að gera þetta kleift.

Verkefnishópurinn óskað jafnframt eftir því „að kannað verði hvenær hugsanlegt ósamræmi í kröfum til nemenda kunni að hindra eðlilegt flæði þeirra á milli sviða eða greina og leitað verði leiða til fjarlægja þær hindranir sem koma í ljós.”

Verkefnisstjórn ásamt rektorum vilja beina því til kennslusviða KHÍ og HÍ og kennslumálanefndar HÍ að skoða hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafana til að auðvelda nemendum að sækja námskeið milli fræðasviða.

IV Samþætting núverandi matskerfa rannsókna í KHÍ og HÍ

Hópurinn lagði til „að framlag kennara menntavísindasviðs og annarra fræðasviða Háskóla Íslands sem tengist vettvangi uppeldis og menntunar, náms og kennslu í samfélaginu, þróunarstarfi í skólum, list- og verkgreinum og íþróttum verði metið til jafns við rannsóknarstarf.” Jafnramt „að settur verði á laggirnar vinnuhópur sem geri tillögu um matsviðmið eins og að framan greinir á grundvelli núverandi matsreglna Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands og hafi um það verk samráð við önnur fræðasvið Háskóla Íslands.” Að lokum

lagði hópurinn til „að þar til nýtt stigamatskerfi fyrir menntavísindasvið liggur fyrir, gildi núverandi stigamatskerfi Kennaraháskóla Íslands.”

Rektorar sögðu þá meginregla gilda að starfsmenn eigi ekki að verða fyrir kejaraskerðingu við sameiningu skólanna. Þá beina rektorar því til forstöðumanna vísindasviða beggja skólanna að þeir beri saman rannsóknamatskerfi skólanna og greini þann mun sem er á þeim. Á næstunni verður settur á laggirnar vinnubópur skipaður tveimur fulltrúum frá KHÍ ásamt tveimur fulltrúum frá stéttarfélaginu til að fara yfir núverandi kerfi, sérstaklega þau ákvæði er líta að list- og verkgreinum og íþróttum. Vonast er til að niðurstöður þessa bóps verði hægt að nota í vinnu við endurskoðun á stigamatskerfinu.

Hópurinn lagði til „að unnið verði að þróun gæðamatskerfis fyrir háskólakennslu sem tengt verði vinnumatskerfi skólans.”

Um þessar mundir er unnið að áætlun um framkvæmd þeirra atvika í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 sem snúa að kennslu, þ.m.t. setningu kennslumarkmiða fyrir deildir og frekari þróun gæðamatskerfis kennslu á vettvangi kennslumálanefndar og gæðanefndar háskólaráðs HÍ. Verkefnisstjórn óskaði því eftir að aðilar í þessari vinnu hugi að þróun hvata- og umbunarkerfis til að styðja við það meginmarkmið stefnu Háskólans að bjóða upp á framúrskarandi nám og kennslu.

Í skýrslunni var óskað eftir „að stefnumörkun vísindaráðs KHÍ verði lögð til grundvallar rannsóknarstefnu menntavísindasviðs.”

Verkefnisstjórn fagnaði drögum að nýrri rannsóknastefnu sem unnin hafa verið á vettvangi vísindaráðs KHÍ og bentu jafnframt á mikilvægi þess að hún falli að heildarstefnumörkun HÍ. Verkefnisstjórn er einnig kunnugt um að í keðlfar sameiningar HÍ og KHÍ og nýs skipulags HÍ þurfi að endurskoða gildandi stefnuskeið deilda með hliðsjón af nýrri skipan í fimm fræðasvið. Telur verkefnisstjórn edlilegt að drög að rannsóknastefnu vísindaráðs KHÍ verði nýtt í þeirri vinnu sem og í yfirstandandi endurskoðun á matskerfi rannsókna HÍ.

V Stodþjónusta og fagleg samþætting

Hópurinn lagði til „að settur verði á laggirnar sérstakur starfshópur sem leggi drög að skipan stöðþjónustu við háskólakennslu og hafi í því sambandi hliðsjón af þeirri þjónustu sem nú er veitt í Menntasmiðju KHÍ og Kennslumiðstöð HÍ.”

Verkefnisstjórn sem og rektorar telja afar mikilvægt að virkja sem best þá kennslufræðilegu og tæknilegu sérþekkingu sem er fyrir hendi hjá einstökum kennurum menntavísindasviðs, innan Menntasmiðju og á vettvangi Kennslumiðstöðvar HÍ. Þar sem nú stendur yfir endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskólans, sem tekur m.a. til stjórnsýslu, stöðþjónustu og stofnana skólans, gerði verkefnisstjórn ekki beina tillögu um framtíðarskipan þessa málaflokks en leggur þó áherslu á að í sameinuðum háskóla verði fyrir hendi miðlæg kennslumiðstöð sem sinni öllum fræðasviðum. Kveðið er á um eflingu kennslumiðstöðvar í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 og beindi verkefnisstjórn því til rektora að þeir leggi drög að því að hrinda þessu stefnumiði í framkvæmd.

Hópurinn benti á mikilvægi þess „að í næstu kennsluskra (2008-2009) verði þess gætt að nemendur fái glöggar upplýsingar um aukna möguleika í námsvali hins sameinaða háskóla.”

Verkefnisstjórn fól sviðsstjóra kennslusviðs HÍ og aðstoðarrektors kennslu KHÍ að framfylgja þessu enda eru þau ábyrgðarmenn kennsluskrár HÍ 2008-2009. Rektorar benda á að um lágmarkstilvísanir um samnýtingu námskeiða verði að ræða á þessu ári, en gerðu að öðru leyti ekki athugasemdir

Hópurinn kom með tillögu „að nú þegar verði settur á laggirnar sameiginlegur vinnuhópur sem geri tillögur um framtíðarskipan inntökumála við hinn sameinaða háskóla og skili þeim áður en sameiningin tekur gildi.”

Verkefnisstjórn benti á að nú þegar hafi verið ákveðið á fundi hennar með rektorum að inntökuskilyrði verði óbreytt fyrir skólaárið 2008-2009. Verkefnisstjórn nefndi enn fremur að starfsbópur háskólaráðs HÍ um aðgerðir gegn brottfalli nýnema o.fl. sem skila á tillögum sínum í mars nk. hefur skv. erindisbréfi m.a. það verkefni að fjalla almennt um þessi mál. Rektorar telja að inntökumál sameinaðs skóla þurfi að skoða í tengslum við væntanlegt frumvarp til laga um opinbera háskóla. Frumvarpið er ekki komið fram en sýnt er að inntaka í háskóla þarf að vera í samræmi við ákvæði væntanlegra laga um ríkisháskóla, þ.m.t. fjármögnun þeirra. Einnig hafa fyrirhugaðar breytingar á lögum um frambaldsskóla ábrif á inntöku nemenda í háskóla. Því töldu rektorar rétt að setja á stofn nefnd í haust, skipaða fulltrúum fræðasviðanna fimm, til fjalla nánar um inntökumál í sameinuðum háskóla. Niðurstaða þeirrar nefndar þarf að vera komin fram í tæka tíð fyrir kennsluskrá 2009-2010 sem verður í febrúar á næsta ári.

VI Sí- og endurmenntun

Í skýrslunni lagði hópurinn til „að endurmenntunarstarf háskólakerfisins í heild verði endurskoðað og tryggt að endurmenntun og símenntun kennara sé ekki aðskilin eftir skólastigum, taki mið af fimm ára kennaramenntun og byggji á fræðilegri og faglegri sýn.“ Því til viðbótar var þess farið á leit „að menntavísindasviði verði falið ábyrgð og framkvæmd á endurmenntun kennara og annarra uppeldisstétta í samráði við önnur fræðasvið og stofnanir Háskóla Íslands eftir því sem tilefni er til.“

Verkefnisstjórn tók undir mikilvægi þess að endurskoða þurfi endur- og símenntun kennara og annarra uppeldisstétta og kom þessari athugasemd á framfæri við rektora skólanna og töldu, ásamt rektorum, eðlilegt að menntavísindasvið sinni þeirri kennslu. Rekotar bentu á að málið þurfi að skoða í viðara sambengi, m.a. í tengslum við endurskoðun á hlutverki og skipulagi þeirra aðila innan HÍ og KHÍ sem hafa með sí- og endurmenntunarmál að gera, s.s. SRR, Kennslumiðstöð HÍ og Endurmenntun HÍ. Verkefnisstjórnin taldi einnig eðlilegt að menntavísindasvið axli umrædda ábyrgð og því rétt að væntanlegur forseti menntavísindasviðs hafi frumkvæði að mótun heildstæðrar stefnu um endurmenntun kennara og annarra uppeldisstétta er tengjast sviðinu. Fram að þessu verði starfsemi SRR og Endurmenntunarstofnunar HÍ í aðalatriðum með óbreyttu sniði hvað þetta varðar. Rektorar töldu að rétt sé að bíða með endurskoðun á þessum málum fram til ársins 2009.

Að lokum lagði hópurinn til „að þróunarverkefni á sviði uppeldis- og menntunar, náms og kennslu, ásamt þjónusturannsóknnum verði á ábyrgð menntavísindasviðs.“ Auk þess „að [menntavísindasvið] setji á laggirnar þróunar- og þjónustustofnun [...] sem hafi það hlutverk að efla þróunarstarf á sviði uppeldis- og menntunar í leik-, grunn- og framhaldsskólum, fullorðinsfræðslu og símenntun.“

Verkefnisstjórn tók undir þá tillögu að þróun og þjónusta á sviði uppeldis og menntunar fari fram á vettvangi menntavísindasviðs. Jafnframt benti verkefnisstjórn á að yfirstandandi endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskóla Íslands gerir m.a. ráð fyrir að fyrirkomulag rannsókn- og þjónustustofnana verði endurskoðað í heild og er eðlilegt að fyrirkomulag umræddrar þróunar- og þjónustustofnunar taki mið af niðurstöðum þeirrar vinnu.

Verkefnishópur um skipulag og framkvæmd náms á nýju menntavísindasviði HÍ hóf störf í lok júní og skilaði lokaskýrslu í byrjun janúar. Verkefnisstjórn fjallaði ítarlega um skýrsluna og brást við henni með bréfi til rektora og hópsins 21. janúar. Skýrslan var rædd á fundi með rektorum í lok janúar, þar sem viðbrögð verkefnisstjórnar voru samþykkt og einstökum málum vísað áfram.

Verkefnishópurinn skipaðu:

Ólafur Proppé, rektor KHÍ, formaður, Jón Torfi Jónasson, prófessor HÍ, Hanna Ragnarsdóttir, aðstoðarrektor kennslu KHÍ, Ingvar Sigurgeirsson, prófessor KHÍ, Hafdís Ingvarsdóttir, dósent HÍ, Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor HÍ og Svanhildur Kaaber, skrifstofustjóri KHÍ.

Frekari upplýsingar, erindisbréf og fundargerðir er að finna undir verkefnishópar.